

Reykjavík 23. nóvember 2007

*Alþingi*

*Erindi nr. P 135/514*

*komudagur 28.11.2007*

Menntamálanefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík  
B.t. Margrétar Maríu Grétarsdóttur

**Efni:** Umsögn Skjásins ehf. um frumvarp til laga um íslenska táknmálið, 12. mál, heildarlög og frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna táknmálsins, 17. mál.

### **I.**

#### **Inngangur**

Menntamálanefnd Alþingis sendi þann 6. nóvember sl. Skjánum ehf. til umsagnar frumvarp til laga um íslenska táknmálið, 12. mál, heildarlög og frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna táknmálsins, 17. mál. Hér á eftir fara athugasemdir þær sem Skjárinn telur brýnt að koma á framfæri vegna þeirra skyldna sem lagðar verða á útvarpsstöðvar, í skilningi b-liðar 1. mgr. 1. gr. útvarpslaga nr. 53/2000 (hér eftir nefnd útl.), verði nefnd lagafrumvörp samþykkt í óbreyttri mynd.

Skjárinn vill taka það skýrt fram hér í upphafi að félagið lítur mjög jákvæðum augum á þær breytingar á réttindum heyrnarskertra, sem gert er ráð fyrir að taki gildi samkvæmt nefndum lagafrumvörpum. Skjárinn fagnar því af heilum hug að hagur heyrnarskertra verði gerður sem jafnastur á við hag þeirra sem fulla heyrn hafa. Tekur Skjárinn jafnframt undir þá skoðun að mikilvægt er að efla þjónustu við heyrnarskertra. Engu að síður telur Skjárinn að tiltekna lagabreytingar í þá veru hafi neikvæð áhrif á rekstur einkarekinna sjónvarpsstöðva og kunni að hefta íslenska dagskrárgerð.

### **II.**

#### **Kostnaður sjónvarpsstöðva vegna breytinga**

Rekstur og rekstrargrundvöllur fjölmiðla á Íslandi er viðkvæmur. Almennt eru fjölmiðlar reknir hér á landi með litlum eða engum hagnaði.

Þær kröfur sem gerðar verða til sjónvarpsstöðva skv. nefndu lagafrumvarpi kalla á mikinn kostnað svo að þær fái uppfyllt ákvæði útvarpslaga í breyttri mynd. Sér í lagi kalla breytingarnar á meiri kostnað við beinar útsendingar, þar eð vinnu táknmálstúlks er krafist við beinar útsendingar, í stað texta, skv. eðli máls. Þá ber að nefna að viðhafa þarf talsverðar tæknilegar ráðstafanir til að birta megi þýðingu táknmálstúlks samhliða beinni útsendingu, en þær ráðstafanir kalla einnig á talsvert aukinn kostnað við beinar útsendingar.

### **III.**

#### **Áhrif væntanlegra lagabreytinga á íslenska dagskrárgerð**

Framleiðsla íslensks sjónvarpsefnis er afar kostnaðarsöm, séu teknir inn í myndina takmarkaðir tekjuöflunarmöguleikar henni tengdri, sökum smæðar markaðarins fyrir slíkt efni. Því má jafnvel halda fram að íslensk dagskrárgerð svari ósjaldan vart kostnaði.

Verði breyting á 1. mgr. 8. gr. útl. að veruleika í þeirri mynd, sem gert er ráð fyrir í nefndu frumvarpi, er ljóst að kostnaður við framleiðslu og sýningu íslensks efnis í sjónvarpi mun aukast umtalsvert. Óhjákvæmilegar afleiðingar aukinna fjárútláta við framleiðslu innlands efnis eru að líkindum þær að sjónvarpsstöðvar

sem og aðrir framleiðendur munu síður leggja út í framleiðslu íslensks sjónvarpsefnis. Reglusetningin mun því vinna gegn markmiði 7. gr. núgildandi útl., að stuðla að almennri menningarþróun og að stuðla að því að sjónvarpsstöðvar verji meiri hluta útsendingartíma í íslenskt dagskrárefni.

Það ber að nefna að Skjár einn, íslensk frístöð Skjásins, hefur frá upphafi lagt mikla áherslu á framleiðslu íslensks dagskrárefnis þrátt fyrir mikinn kostnað við framleiðsluna. Verði sú reglusetning að veruleika, sem gert er ráð fyrir í lagafrumvarpinu, sér Skjárinn fram á að dregið kunni að verða úr íslenski dagskrárgerð stöðvarinnar.

#### IV.

##### Munur á aðstöðu sjónvarpsstöðva

Að mati Skjásins er líklegt að þeir sjónvarpsáhorfendur, sem fulla heyrn hafa, kjósi almennt fremur að horfa á íslenskt sjónvarpsefni án texta og án táknmálstúlks. Í boði þarf því að vera sá möguleiki fyrir áhorfendur að velja á milli þess hvort texti birtist á skjánum eða ekki. Í dag er aðeins unnt að velja á milli sjónvarpsútsendingar með eða án íslensks texta með notkun textavarpþjónustu en Ríkisútvarpið hefur ein sjónvarpsstöðva boðið upp á slíka þjónustu til þessa. Fjölmíðlafyrirtækið 365 hf. býður þó upp á textavarpþjónustu, þótt ekki sé boðið upp á þýðingu á íslensku efni með þjónustunni, að því er Skjárinn best veit. Skjárinn hefur ekki yfir að ráða tækni til að veita textavarpþjónustu, líkt og Ríkisútvarpið og 365 hf. Er Skjárinn enda fjölmíðlafyrirtæki af allt annarri stærðargráðu en 365 hf. Þá þarf vart að nefna að tilvist og afkoma RÚV á fjölmíðlamarkaði er óháð markaðssjónarmiðum og – aðstæðum. Ljóst er því að sjónvarpsstöðvar munu verða í misgóðri aðstöðu til að þjóna óskum áhorfenda um að geta valið á milli þess hvort íslenskur texti birtist undir öllum dagskrárliðum hvernar stöðvar eða ekki. Verði frumvarpið að lögum er því líklegt að hallað muni á þá aðila á sjónvarpsmarkaði hér á landi sem ekki bjóða upp á textavarpþjónustu, þar sem íslenskur texti mun birtast undir öllu íslensku efni, óháð óskum hvers og eins áhorfanda.

#### V.

##### Markaðsgrundvöllur þjónustu


Að Ríkisútvarpinu frátöldu eru þær sjónvarpsstöðvar, sem reknar eru hér á landi, reknar í hagnaðarskyni. Tilgangur þeirra er m.ö.o. sá að skila eigendum þeirra hagnaði. Í ljósi mikils kostnaðar vegna þjónustu þeirrar, sem gert er ráð fyrir að heyrnarskertum skuli veitt skv. frumvarpinu, telur Skjárinn að þær aðgerðir, sem grípa þarf til vegna breytinganna, muni leiða til meiri kostnaðar við þjónustuna en tekna sem fá má af henni. Með öðrum orðum er ekki um að ræða þjónustu sem styðja má með markaðsrökum.

Skjárinn lítur því svo á að sú þjónusta sem sjónvarpsstöðvum beri að veita heyrnarlausum skv. frumvarpinu sé félagslegs eðlis. Enda þótt tilgangur breytinganna sé vissulega góður, er ekki unnt að fallast á að einkareknum fyrirtækjum beri að veita félagslega þjónustu. Félagslega þjónustu er með sanngirni einungis unnt að leggja á sjálfst ríkisvaldið með einum eða öðrum hætti. Hvíla enda skyldur á ríkisreknum fjölmíðlum að þjóna hagsmunum allra landsmanna, þ.e. að veita útvarpsþjónustu í almannabágu, sbr. 3. gr. laga nr. 6/2007 um Ríkisútvarpið ohf.

Kjósi löggjafinn að leggja þær skyldur á einkarekin fyrirtæki að veita þjónustu af félagslegu tagi, er bæði eðlilegt og sanngjarnt að þeim fyrirtækjum, sem ber að veita þjónustuna, sé tryggt eðlilegt endurgjald fyrir hana. Sem fyrr segir er afar ólíklegt að endurgjald fái með hefðbundnum markaðsúræðum. Er því lagt til að tryggt verði með lagabreytingunum, að þeir einkaaðilar, sem falla undir útl. og ber að veita heyrnarskertum áður nefnda þjónustu, hljóti eðlilegt fjárframlag frá ríkinu fyrir þjónustuna. Væri slíkt fyrirkomulag enda í takt við 3. mgr. 1. gr. frumvarps til laga um íslenska táknmálið sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra sem hljóðar svo: „Íslenska ríkið skal

tryggja fullnægjandi fjárframlög til íslenska táknmálsins ár hvert í samræmi við tilgang laga þessara". Þá væru fjárveitingar í þá veru jafnframt til þess fallnar að styrkja stöðu íslenskrar tungu og í samræmi við nýlegar yfirlýsingar menntamálaráðherra þess efnis að hann hyggist beita sér fyrir því að gripið verði til sérstakra aðgerða í því skyni að styrkja stöðu íslenskrar tungu hér á landi, svo vitnað sé til ummæla hans á Alþingi þann 10. október sl., sbr. 135. löggjafarþing, 6. þingfundur, þingskjal 77.

Virðingarfyllst,  
f.h. Skjásins ehf.



Fróði Steingrímsson,  
lögfræðingur